

3. júní 1969.

317

Nr. 183.

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 159 20. sept. 1962,  
um kjarasamninga starfsmanna sveitarfélaga.

### 1. gr.

1. mgr. 7. gr. orðist svo:  
Uppsagnarfræstur kjarasamnings af hendi beggja aðila skal eigi vera skemmri en 4 mánuðir.

### 2. gr.

20. gr. orðist svo:  
Stjórn hlutaðeigandi starfsmannafélags tekur af þess hendi ákvörðun um uppsögn kjarasamnings. Nú kemur fram ósk í stjórn starfsmannafélags eða af hálfu hlutaðeigandi sveitarstjórnar um, að um þá ákvörðun fari fram allsherjaratkvæðagreiðsla, og skal slík atkvæðagreiðsla þá fara fram meðal starfsmanna þeirra, er í hlut eiga, til samþykktar eða synjunar.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 55/1962, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 3. júní 1969.*

Eggert G. Þorsteinsson.

*Hjálmar Vilhjálmsson.*

30. maí 1969.

Nr. 184.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Listaverkasjóð Húsmæðrakennarskóla Íslands, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 30. maí 1969.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Listaverkasjóð Húsmæðrakennarskóla Íslands.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Listaverkasjóður Húsmæðrakennarskóla Íslands.

### 2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að afla listaverka til að prýða húsakynni skólans og umhverfi.

Ætlazt er til, að sjóðurinn starfi að staðaldri.

B 39